

GJALDSKRÁ

Fjármálaeftirlitsins.

1. gr.

Gildissvið o.fl.

Gjaldskrá þessi gildir um greiðslu kostnaðar vegna sértækra aðgerða Fjármálaeftirlitsins skv. 7. gr. laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Gjaldskráin gildir einnig um þóknar fyrir staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á lýsingum, sbr. 3. mgr. 52. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, endurskoðun tilboðsverðs yfirtökutilboðs skv. 8. mgr. 103. gr. sömu laga, og greiðslu kostnaðar við afgreiðslu umsókna um leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa, sbr. 30. gr. laga nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf.

Fjármálaeftirlitið upplýsir aðila um gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald.

Fyrir afgreiðslu Fjármálaeftirlitsins á málum samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða tímagjald sem nemur 12.500 kr., nema annað leiði af einstökum ákvæðum gjaldskrárinnar.

Gjaldið skal greitt samkvæmt reikningi sem Fjármálaeftirlitið gefur út við lok afgreiðslu máls ásamt tímaskýrslu um fjölda vinnustunda sem stofnunin hefur varið í afgreiðsluna. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt á hvaða stigi máls sem er að fara fram á greiðslu áfallins kostnaðar.

3. gr.

Nauðsynlegt umframeftirlit.

Eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða fyrir nauðsynlegt umframeftirlit Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt sérstakri ákvörðun stjórnar stofnunarinnar, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999, þ.m.t. kostnað vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, ferðalaga og skipunar sérfræðings skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Komi til greina að leggja kostnað á eftirlitsskyldan aðila vegna umframeftirlits skv. 1. mgr. upplýsir Fjármálaeftirlitið um tímagjald starfsmanna, annarra aðkeypta sérfræðinga og annan áætl-aðan kostnað.

Kostnaðurinn skal greiddur samkvæmt reikningi sem Fjármálaeftirlitið gefur út að loknu umframeftirliti. Reikningnum skulu fylgja tímaskýrslur um fjölda vinnustunda sem Fjármálaeftirlitið hefur varið í umframeftirlitið og upplýsingar um útagðan kostnað, s.s. vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, ferðalaga og skipunar sérfræðings.

4. gr.

Afgreiðsla umsóknar um starfsleyfi.

Fastagjöld fyrir afgreiðslu umsókna um starfsleyfi eftirlitsskyldra aðila skulu vera í samræmi við þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999.

Gjaldið skal greitt við ashendingu umsóknar til Fjármálaeftirlitsins og er að jafnaði óendurkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað sé um útgáfu starfsleyfis.

5. gr.

Afgreiðsla og skráning sértækra staðfestingar og mats.

Fyrir afgreiðslu og skráningu eftirfarandi sértækra staðfestinga og mats, sem leiða af starfsemi Fjármálaeftirlitsins, en teljast ekki þáttur í reglubundnu eftirliti, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999, skulu eftirlitsskyldir aðilar, og eftir atvikum aðrir aðilar, greiða tímagjald skv. 2. gr. gjaldskrárinnar:

1. Beiðni um staðfestingu á gildi útgefins starfsleyfis.
2. Umsókn um aukið starfsleyfi (viðbótarstarfsleyfi), sbr. II. og IV. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki og IV. kafla laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi.
3. Umsókn um samruna, skiptingu eða yfirfærslu rekstrarhluta, sbr. XII. kafla laga nr. 161/2002 og XI. kafla laga nr. 56/2010.

4. Tilkynning um virkan eignarhlut, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002, VI. kafla laga nr. 56/2010, II. kafla laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu og III. kafla laga nr. 17/2013 um útgáfu og meðferð rafeyris.
5. Tilkynning végna fyrirhugaðrar veitingar þjónustu erlendis án stofnunar útibús, með stofnun útibús eða í gegnum umboðsaðila, sbr. V. kafla laga nr. 161/2002, XII. kafla laga nr. 32/2005 um miðlun vátrygginga, X. kafla laga nr. 56/2010, II. kafla laga nr. 120/2011 og III. kafla laga nr. 17/2013.
6. Umsókn rekstrarfélags um staðfestingu verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðs, sbr. II. og III. kafla laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.
7. Tilkynning um fyrirhugaða markaðssetningu hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs erlendis, sbr. II. kafla laga nr. 128/2011.
8. Umsókn fjármálagyrirtækis um heimild til að varðveita fjármálagerninga á safnreikningi, sbr. II. kafla laga nr. 108/2007.
9. Umsókn einkaumboðsmanns um heimild til að starfa í þágu fjármálagyrirtækis, sbr. II. kafla laga nr. 108/2007.
10. Umsókn um undanþágu frá tilboðsskyldu, sbr. X. kafla laga nr. 108/2007.
11. Umsókn um staðfestingu tilboðsyfirlits, sbr. XI. kafla laga nr. 108/2007.
12. Beiðni um að send verði tilkynning til lögbærra yfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu á staðfestri lýsingu og viðauka við lýsingu, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 242/2006 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 210 millj. kr. eða meira og skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfa-markað.

Sé beiðni samkvæmt þessari grein hafnað eða hún dregin til baka eftir að afgreiðsla Fjármálaeftirlitsins er hafin skal greiða áfallinn kostnað í samræmi við fjölda vinnustunda sem stofnunin hefur varið í afgreiðsluna.

6. gr.

Staðfesting lýsingar.

Fyrir staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á lýsingu, sbr. 3. mgr. 52. gr. laga nr. 108/2007, og eftir atvikum viðauka við lýsingu, sbr. 46. gr. sömu laga, skal greiða tímagjald skv. 2. gr. gjaldskrárinnar.

Sé haett við útboð eða töku verðbréfa til viðskipta eftir að afgreiðsla á staðfestingu lýsingar er hafin skal greiða áfallinn kostnað í samræmi við fjölda vinnustunda sem Fjármálaeftirlitið hefur varið í afgreiðsluna.

7. gr.

Endurskoðun tilboðsverðs yfirtökutilboðs.

Tilboðsgjafi eða útgefandi skal greiða fyrir endurskoðun tilboðsverðs yfirtökutilboðs, skv. 8. mgr. 103. gr. laga nr. 108/2007. Fyrir vinnu starfsmanna Fjármálaeftirlitsins skal greiða tímagjald skv. 2. gr. gjaldskrárinnar. Sé verðmat framkvæmt af utanaðkomandi matsaðila skal tilboðsgjafi eða útgefandi greiða fyrir verðmatið samkvæmt reikningi matsaðila.

Dragi tilboðsgjafi eða útgefandi ósk sína um endurskoðun tilboðsverðs yfirtökutilboðs til baka eftir að endurskoðun er hafin skal viðkomandi greiða áfallinn kostnað í samræmi við fjölda vinnustunda sem Fjármálaeftirlitið hefur varið í afgreiðsluna og kostnað vegna utanaðkomandi matsaðila.

8. gr.

Afgreiðsla umsóknar um leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Fyrir afgreiðslu umsóknar um leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa, sbr. 30. gr. laga nr. 11/2008, skal greiða tímagjald skv. 2. gr. gjaldskrárinnar.

Sé umsókn hafnað eða hún dregin til baka eftir að afgreiðsla umsóknar um leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa er hafin skal greiða áfallinn kostnað í samræmi við fjölda vinnustunda sem Fjármálaeftirlitið hefur varið í afgreiðsluna.

Nr. 555

22. maí 2013

9. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 4. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999, 3. mgr. 52. gr. og 8. mgr. 103. gr. laga nr. 108/2007 og 30. gr. laga nr. 11/2008. Gjaldskráin hefur verið samþykkt af stjórn Fjármálaeftirlitsins og tekur þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi gjaldskrár Fjármálaeftirlitsins nr. 431/2008 vegna afgreiðslu umsókna og útgáfu leyfa skv. 30. gr. laga nr. 11/2008, nr. 134/2009 fyrir athugun á útboðslýsingu í almennu útboði verðbréfa og nr. 900/2010 fyrir nauðsynlegt umframeftirlit og aðrar sértækar aðgerðir.

Fjármálaeftirlitinu, 22. maí 2013.

Unnar Gunnarsdóttir.

Anna M. Karlsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 13. júní 2013